



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 43. fundar
1. fundur á skólaárinu 2023-2024
23. október 2023 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Hrói Guðbjörnsson, fulltrúi nemenda
Matthías Thorberg Magnússon, fulltrúi nemenda
Kristín Rós Egilsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara
Jóna Björg Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra
Halla Helgadóttir, fulltrúi foreldra
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Margrét bauð fundarmenn velkomna á 1. fund skólaráðsins á yfirstandandi skólaári. Nýir fulltrúar í ráðinu boðnir sérstaklega velkomnir, þau Halla og Matthías sem sátu sinn fyrsta fund.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólaráðs

Margrét fór stuttlega yfir hlutverk skólaráðs og vitnaði í gögn sem voru send í tölvupósti fyrir fundinn öllum til glöggvunar; skóladagatal, upplýsingar um skólaráðið úr starfsáætlun og Starfsáætlun 2023 – 2024.

2. Samþykkt Starfsáætlunar 2023-2024

Margrét fjallaði um starfsáætlunina og var hún síðan samþykkt samhljóða eftir umræður. Fundargerð 1. fundar skólaráðs verður send á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til staðfestingar um samþykkt skólaráðs.

3. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári

Margrét nefndi helstu punkta úr starfi skólaráðsins á síðasta ári og fór einnig yfir það sem liggur fyrir ráðinu að vinna að á þessu skólaári og kallaði auk þess eftir hugmyndum og fundarefnum.

3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári, áætlun:

Við leggjum upp með að hafa fjóra fundi á starfsárinu en fleiri ef óskað er og tilefni er til.

- Fundarefni númer tvö; undirbúa opinn fund skólaráðs með því að ræða hugmyndir að fundarefni og fyrirkomulagi fundarins. Einnig verður farið yfir öryggis- og húsnæðismál í skólanum. Halda auk þess áfram að huga að afmælisári skólans árið 2024 – 2025.
- Fundur þar sem nemendaráði skólans verður boðið að taka þátt í til þess að ræða skóladagatal 2024 -2025 og koma með ábendingar.
- Opinn fundur skólaráðs.
- E.t.v. fundur um önnur mál.

4. Önnur mál

Fulltrúi foreldra spurði um útskriftarferð 10. bekkinga næsta vor. Nú er ljóst að Danmerkurheimsókn verður ekki á dagskrá en það er hefð fyrir því að 10. bekkingar geri sér glaðan dag áður en kemur að útskrift. Rætt um flúðasiglingar, Vestmannaeyjaferð og fleira skemmtilegt og það sem hefur verið á dagskrá undanfarin ár. Allar góðar hugmyndir þegnar og fjáröflun er hafin eins og undanfarin ár.

Foreldri spurði um hvort hægt væri að fá fulltrúa frá skiptinemasamtökum í heimsókn í 10. bekk. Sú kynning hefur þegar farið fram og umræður urðu líflegar um þennan lið s.s. að nokkrir Tjarnarskólanemendur hafa tekið þátt í NGK leiðinni til þess að öðlast menntun á framhaldsskólastigi.

Kennari nefndi að margt sé að breytast í unglungaumhverfinu á Íslandi og benti á að „Samfélagslögreglan“ fari í skóla til að ræða ýmislegt er varðar öryggi ungmenna og aukna áfengisnotkun ungmenna á Íslandi. Fundarmönnum líst vel á að fá fyrirlestur um þetta, bæði fyrir nemendur og foreldra.

Hugmyndir ræddar um hvernig við getum haldið upp á afmæli skólans á næsta skólaári. Hugmynd rædd um að gera heimildamynd og spurningu varpað til skólaráðsfulltrúans Rosalie að taka verkefnið að sér en hún er nú nemandi í Kvikmyndaskóla Íslands.

Margrét nefndi að eitt af sjálfsmatsverkefnum ársins er að fá nemendur og foreldra til að skilgreina með okkur viðmót og menningu Tjarnarskóla, svo nefndan Tjarnarskólatakt. Leitað verður til nemenda og foreldra til þess að hjálpa okkur við það verkefni.

Nemandi nefndi hvort hægt sé að sleppa dönsku í skólanum. Margrét útskýrði að danska er lögbundin námsgrein skv. grunnskólalögum, því ekki á okkar valdi að breyta því.

Tillaga samþykkt um að hafa næsta fund í janúar.

Margrét þakkaði fundarmönnum kærlega fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 9.20.

KR/MT